

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Berist til mennta- og menningarmálaráðherra
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík



Reykjavík 11. apríl 2017

Ágæti mennta- og menningarmálaráðherra, Kristján Þór Júlíusson.

Velferðarvaktinni er m.a. falið samkvæmt skipunarbréfi að „...huga að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra og afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sára fátækt svo draga megi úr henni“. Einnig er gert ráð fyrir að Velferðarvaktin leggi fram tillögur til úrbóta sem stjórnvöld taki afstöðu til hverju sinni og skal Velferðarvaktin fylgjast með framvindu tillagnanna.

Velferðarvaktin leggur til að menntamálaráðherra beiti sér fyrir endurskoðun 31. greinar grunnskólalaga í ljósi þess að samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem lögfestur var hér á landi þann 20. febrúar 2013 og er nú hluti af íslenskri löggjöf, eiga börn rétt á ókeypis grunntenntun.

Í 28. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir „Aðildarríki viðurkenna rétt barns til menntunar og skulu þau, til þess að réttur þessi nái fram að ganga stig af stigi og þannig að allir njóti sömu tækifæra, einkum: a) Koma á skyldu til grunntenntunar sem allir geti notið ókeypis.“

Samkvæmt 31. grein grunnskólalaga skal skyldunám vera veitt að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja nemendur eða foreldra þeirra um greiðslu fyrir kennslu, þjónustu, námsgögn eða annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í námi sínu. Þar er þó einnig að finna þann lagatexta sem Velferðarvaktin telur brýnast að endurskoða, en það er sá lagatexti sem sveitarfélög hafa stuðst við varðandi kostnaðarþátttöku nemenda í skyldunámi. Hann hljómar svo „Þó er opinberum aðilum ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír.“

Velferðarvaktin hefur átt gott samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga vegna þessa máls og sendi á síðasta ári hvatningarbréf til sveitarstjórna, skólanefnda, skólaskrifstofa og skólastjóra, um að leggja kostnaðarþátttöku foreldra vegna ritfangakaupa barna af eða halda henni í lágmarki (sjá fylgiskjal).

Samkvæmt úttekt sem Samband íslenskra sveitarfélaga stóð fyrir síðastliðið vor er kostnaðarþátttaka vegna svokallaðra ritfangalista, sem ætlast er til að nemendur kaupi, mjög mismunandi milli einstakra árganga og skóla. Er kostnaðarþátttakan frá 0-22.300 krónur á nemanda.

Velferðarvaktin telur að kostnaðarþátttaka foreldra, vegna ritfanga og annarra gagna vegna skólagöngu barna, upp á tugi þúsunda króna samrýmist hvorki anda Barnasáttmálans né grunnskólalaganna og leggur því til að menntamálaráðherra beiti sér fyrir endurskoðun 31. greinar grunnskólalaganna.

Fyrir hönd Velferðarvaktarinnar,

Siv Friðleifsdóttir, formaður

Velferðarvaktin er óháður álitsgjafi sem leggur fram tillögur til stjórnvalda og hagsmunaaðila